

ERINDISBRÉF

Starfshópur íbúaráðs Kjalarness um úrlausn umbótaverkefna á Kjalarnesi

Ábyrgðarmaður:

Sigrún Jóhannsdóttir.

Hlutverk starfshóps:

Starfshópnum er falið að gera tillögur að úrvinnslu þeirra verkefna sem fram koma í skýrslu þjónustu- og nýsköpunarsviðs um úttekt á þjónustu á Kjalarnesi og vísað var til meðferðar íbúaráðs Kjalarness á fundi borgarráðs 20. ágúst 2020. Starfshópnum er falið að leita eftir kostnaðarmati á þau verkefni þar sem það á við þannig að hægt verði að koma fjármögnun og framkvæmd þeirra inn í fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2021 sem nú er í vinnslu. Einnig er starfshópnum falið að gera tillögur að málsmeðferð og breytingum á reglum eftir því sem við á þannig að hægt verði að koma öðrum verkefnum í farveg og framkvæmd. Starfshópurinn skal skila af sér tillögum sínum fyrir næsta fund íbúaráðs Kjalarness 10. nóvember. Í kjölfarið er vinnuhópnum falið að funda með bakhóp hverfisins.

Helstu verkefni:

- Hefja samtal við fagsvið borgarinnar, b hluta fyrirtæki í eigu borgarinnar og aðra hagsmunaaðila um úrvinnslu umbótatillagna sem koma fram í skýrslunni *Þróun þjónustu á Kjalarnesi og framtíðarsýn íbúa*.
- Gera tillögur að málsmeðferð til íbúaráðs Kjalarness um umbótaverkefni byggða á samtali við fagsvið borgarinnar, b hluta fyrirtæki í eigu borgarinnar og aðra hagsmunaaðila.
- Að hafa víðtækt samráð við hagsmunahópa, m.a. fulltrúa í bakhóp íbúaráðs Kjalarness og upplýsa íbúaráð Kjalarness um vinnuna eftir því sem henni vindur fram.

Starfshópin skipa:

Guðni Ásæll Indriðason
Reynir Kristjánsson (formaður)
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Sighþór Magnússon

Starfsmaður:

Starfsmaður íbúaráða, Heimir Snær Guðmundsson.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfsfólk Reykjavíkurborgar, b hluta fyrirtækja í eigu borgarinnar og aðrir hagsmunaaðilar.

Starfstímabil:

Niðurstöður starfshópsins verða lagðar fyrir íbúaráð Kjalarness 10. nóvember 2020 eða fyrr eftir því sem vinnunni vindur fram.